

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1051

Dagsetning: 17. desember 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 10. desember 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Fræðadagur HH 2025

Rætt var um undirbúning fyrir Fræðadag HH 2025. Ákveðið var að tilnefna Helgu Sól Ólafsdóttur, leiðtoga félagsráðgjafa, til að veita undirbúningsnefnd fyrir viðburðinn forystu.

### 4. Starfsemisáætlun 2025

Rætt var um starfsemisáætlun fyrir árið 2025. Framkvæmdastjórn fól RÓE að halda utan um áætlunina.

### 5. Heimsóknir forstjóra á stöðvar

SDM sagði frá heimsóknum forstjóra á heilsugæslustöðvar fyrri hluta vetrar. Heimsóknir á aðrar starfsstöðvar eru áformaðar á vormánuðum.

### 6. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

### 7. Samningur við SAK um þjónustu geðlækna

Upplýst var um ósk stjórnenda Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) að samningur við HH varðandi þjónustu geðlækna sem rennur út um áramót verði endurnýjaður. Óskað var eftir minna framlagi frá geðlæknum HH en áður, í viku innan hvern mánuð en mögulega meira yfir sumarið. Á fundinum var bent á að fjármunir sem HH notaði í verkefnið eru nú fullnýttir svo endurskoða þarf samkomulagið þannig að kostnaður falli ekki á HH.

### Aðgerðir og verkefni

- Ræða þarf við leiðtoga félagsráðgjafa um undirbúning Fræðadags HH 2025, sjá lið 3.  
Ábyrgð: NSK
- Endurskoða þarf samkomulag við SAK, sjá lið 7.  
Ábyrgð: ÍDH, SKP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:50.